



27. maí 2024

**Til:** Bæjarráðs Kópavogs – [jonavigdis@kopavogur.is](mailto:jonavigdis@kopavogur.is)  
**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.  
**Efni:** Fyrirspurn bæjarfulltrúa Viðreisnar

Á fundi bæjarráðs Kópavogs, dags. 19. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn bæjarfulltrúa Viðreisnar og vísað til umsagnar Sorpu bs:

1. Hver er lögfræðikostnaður í bókhaldi Sorpu sl. 8 ár?
  - a. Allur lögfræðikostnaður, skipt niður á ár?
  - b. Allur lögfræðikostnaður, skipt niður á verkefni?
2. Hvert er verðið á endurvinnsluefnum sem Kópavogsbær þarf að greiða til Sorpu á árinu 2024?
  - a. Skipt niður á allar tegundir endurvinnsluefna sem hirt eru frá heimilum?
3. Hvert er magnið á úrgangi til urðunar sem var kynnt og samþykkt með nýjum viðauka við eigendasamkomulagið í lok árs 2023?
  - a. Hvert er magnið á úrgangi sem Sorpa sótti um til urðunar?
4. Hver er fræðslukostnaður í bókhaldi Sorpu sl. 8 ár?
  - a. Allur fræðslukostnaður, skipt niður á ár?

Fyrirspurnin barst SORPU þann 29. febrúar sl. með tölvupósti.

#### **Svar SORPU bs.**

Rétt er að nefna að fyrirspurnin er nokkuð umfangsmikil, sem skýrir þær tafir sem hafa orðið á að svara henni. Hluta þeirra upplýsinga sem óskað er eftir hefur ekki verið haldið sérstaklega til haga á því tímabili sem um ræðir og því ekki mögulegt að nálgast alla þá sundurliðun sem óskað er eftir. Allar tölur eru án virðisaukaskatts.

Hér fyrir neðan má finna svör við framkomnum spurningum:

1. Hver er lögfræðikostnaður í bókhaldi Sorpu sl. 8 ár?

Lögfræðikostnaður Sorpu bs. sl. 8 ára er 213.086.538 kr.

a. Allur lögfræðikostnaður, skipt niður á ár?

Skipting lögfræðikostnaðar er eftirfarandi:

|      |            |
|------|------------|
| 2016 | 5,141,736  |
| 2017 | 4,914,180  |
| 2018 | 2,280,305  |
| 2019 | 5,960,631  |
| 2020 | 40,876,796 |
| 2021 | 38,879,086 |
| 2022 | 44,735,166 |
| 2023 | 70,298,638 |

b. Allur lögfræðikostnaður, skipt niður á verkefni?

Árið 2022 var tekið upp nýtt bókhaldskerfi hjá Sorpu bs. og frá því ári er hægt að sækja upplýsingar um kostnaðarskiptingu milli verkefna. Fyrir árin 2016-2021, sem fyrirspurnin nær einnig til, er ekki hægt að sækja upplýsingar um slíka skiptingu úr bókhaldskerfinu.

Á árunum 2022 og 2023 skiptist kostnaður milli verkefna sem hér segir:

| Verkefni                             | 2022       | 2023       |
|--------------------------------------|------------|------------|
| V/ÚTBOÐ_ÍAV                          | 3,168,395  | 2,721,338  |
| BRENNSLA                             | 1,429,467  | 12,792,704 |
| FRYSTI GÁMAR V. DÝRAHRÆ TIL BRENNSLU |            | 951,277    |
| NÝTT FLOKKUNARKERFI OG SAMRÆMING     |            | 7,032,668  |
| GAJA_GALLI                           | 6,393,956  | 4,156,629  |
| RÁÐGJÖF                              | 15,598,496 | 10,155,654 |
| RÁÐGJÖF_ESA                          |            | 13,874,232 |
| RÁÐGJÖF_STJÓRN                       | 90,525     | 1,734,191  |
| RÁÐGJÖF_URÐUN                        | 241,400    | 135,788    |
| RÁÐGJÖF_GRENNDARSTÖÐVA               |            | 2,306,455  |
| RÁÐGJÖF_ÚTBOÐ                        | 2,827,001  | 4,215,197  |
| ÚTBOÐ_BRENNSLA                       |            | 9,553,555  |
| ÝMIR                                 |            | 668,950    |
| VINNURÉTTARRÁÐGJÖF                   | 566,972    |            |
| RÁÐGJÖF_SAMKEPPNISEFTIRLITID         | 1,974,550  |            |
| RÁÐGJÖF_LAGAUMHVERFI                 | 9,891,429  |            |
| RÁÐGJÖF_VEIÐARFÆRI                   | 2,552,975  |            |



2. Hvert er verðið á endurvinnsluefnum sem Kópavogsbær þarf að greiða til Sorpu á árinu 2024?

Allir sem skila endurvinnsluefnum og öðrum úrgangi til Sorpu bs. greiða samkvæmt gildandi gjaldskrá Sorpu bs. Við vísum því vinsamlega til gildandi gjaldskrár sem finna má á vefsíðu fyrirtækisins, nánar tiltekið: <https://www.sorpa.is/um-sorpu/verðskra-sorpu/>

a. Skipt niður á allar tegundir endurvinnsluefna sem hirt eru frá heimilum?


Alls eru fjórir flokkar úrgangs hirtir við heimili og er kostnaðurinn við þessa fjóra flokka eftirfarandi:

- Plast sem er sérsafnað er gjaldfrjálst.
- Blanda af pappír og umbúðum úr sléttum pappa og bylgjupabba 8,78 kr. m. vsk.
- Sérsafnaður lífrænn heimilisúrgangur 41,97 kr. m. vsk.
- Blandaður úrgangur til brennslu 69,28 kr. m. vsk.

3. Hvert er magnið á úrgangi til urðunar sem var kynnt og samþykkt með nýjum viðauka við eigendasamkomulagið í lok árs 2023?

Í viðauka við eigendasamkomulag frá 25. október 2013, sem undirritað var 6. nóvember 2023, eru ekki ákvæði um hámarksmagn til urðunar. Hins vegar var frá og með 31. desember 2023 með öllu óheimilt urða lyktarsterkan og lífrænan úrgang auk baggaðs/blandaðs úrgangs. Í viðaukanum er tilgreint að áætlað sé að bann við urðun á böggðuðum/blönduðum úrgangi muni minnka magn urðaðs úrgangs um 40-50. þús. tonn á ári.

Í kynningu samlagsins á viðaukanum voru eftir kynntar rauntölur fyrir urðun í Álfsnesi fyrir árin 2018-2022 auk áætlaðs magns til urðunar fyrir árin 2023 og 2024. Jafnframt var sýnt hvert hlutfall eða magn urðaðs úrgangs hefur verið að heildarmagni úrgangs. Hér fyrir neðan má sjá töflu sem var hluti af kynningu Sorpu bs. á viðaukanum:



Þar má sjá hvernig magn urðaðs úrgangs hefur farið minnkandi á undanförunum árum. Nú liggur fyrir hvert heildarmagn urðaðs úrgangs var á árinu 2023, eða 53.841 tonn. Þar að auki liggur fyrir að á fyrsta ársfjórðungi ársins 2024 voru 1.552 tonn urðuð, sem jafngildir tæplega 89% minni urðun en á sama tímabili árið 2023.

Á árunum 2022 og 2023 var magn urðaðs úrgangs umfram áætlað magn en það kom til vegna tafa á útflutningi á blönduðum úrgangi.

*a. Hvert er magnið á úrgangi sem Sorpa sótti um til urðunar?*

Hér er gert ráð fyrir að verið sé að óska eftir upplýsingum um magn sem óskað var eftir í umsókn um breytingu á starfsleyfi sem sótt var um í nóvember 2023. Í fyrrgreindri umsókn var óskað eftir árlegri heimild til urðunar á 25.600 tonnum.

Er þetta lækkun úr 38.000 tonnum sem er magnið í núgildandi bráðabirgðaheimild sem gildir til 21. desember 2024.

Umsóknin um breytingu á starfsleyfi er ennþá til meðhöndlunar hjá Umhverfisstofnun.



4. Hver er fræðslukostnaður í bókhaldi Sorpu sl. 8 ár?

Heildarkostnaður Sorpu bs. vegna fræðlu og kynningarstarfsemi sl. 8 ára eru 291.944.895 kr.

a. Allur fræðslukostnaður, skipt niður á ár?"

Skipting milli ára er sem hér segir:

|      |            |
|------|------------|
| 2016 | 39,878,119 |
| 2017 | 40,555,833 |
| 2018 | 29,549,793 |
| 2019 | 36,261,766 |
| 2020 | 4,538,397  |
| 2021 | 18,542,073 |
| 2022 | 8,557,313  |
| 2023 | 84,061,602 |

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,  
Framkvæmdastjóri SORPU bs.